

Starfsáætlun leikskólans

2018 – 2019



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans.....	5
2.2 Húsnæði og lóð.....	5
2.3 Ytra mat	5
2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	6
2.5 Matsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019.....	7
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	9
4. Starfsmannamál	9
4.1 Starfsmannahópurinn 1. maí.....	9
4.2 Starfspróunarsamtöl.....	9
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	9
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	11
5. Aðrar upplýsingar	12
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	12
5.2 Foreldrasamvinna.....	12
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	13
5.4 Almennar upplýsingar	13
5.5 Áætlanir	14
Fylgirit.....	14
• Matsgögn – Sjálfsmatsskýrsla, skólaárið 2017-2018 endurmetið.....	14
• Leikskóladagatal – Leikskóladagatal fyrir skólaárið 2018 - 2019.....	14
• Umsögn foreldraráðs – Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun skólaársins 2018 – 2019....	14

1. Inngangur

Á þessu skólaári urðu börnin 176 en áætlun í upphafi skólaársins gerði ráð fyrir 178 börnum. Lítil starfsmennavelta var á skólaárinu og tókst að manna sérkennsluna með vel menntuðum aðilum þar af tveir þroskaþjálfar, einn á síðasta ári í þroskaþjálfanámi og einstaklingur með B.s í sálfræði og reynslu af starfi í Stekkjarási. Nokkuð góð dreifing var á aldri nemenda á deildum um haustið en geymd voru pláss á annarri ungbarnadeildinni undir áramót en þá komu mjög ung börn inn þar af tvö starfsmannabörn. Þá varð sú deild með, til þess að gera, breitt aldursbil fyrir ungbarnadeild. Uppúr áramótum þurftum við að ráða starfsfólk þar sem þá fór fólk að tynast í veikindi og nemendum fjölgaði og það gekk brösuglega til að byrja með en svo voru ráðin þrjú ungmenni í tímabundið starf til sumars. Barn umsækjenda um alþjóðlega vernd kom í leikskólann í apríl.

Fjármagn kom frá bænum til að auka undirbúningstíma starfsmanna og nú hafa allir ófaglærðir starfsmenn klukkutíma á viku til undirbúnings og starfsmenn sem eru í Kí fengu viðbótar klukkutíma í janúar 2017. Það hefur vissulega bætt starfsumhverfi starfsmanna og auðveldar öllum að undirbúa starfið.

Í mars byrjuðum við á tilraunaverkefni með að hafa matsal í hálfum salnum vestan megin þar sem allar aldursblönduðu deildarnar sex borða og var hugmyndin að það verkefni yrði endurmetið í júní og ákvörðun tekin um framhaldið. Ekki er búið að taka ákvörðun um framhaldið með matsalinn og líkur á að tilraunaverkefninu verði haldið áfram fram á haust að minnstakosti.

Allt þetta starfsár höfum við verið með útistöðvar í garðinum tvisvar í mánuði. Upphaf þessa starfshátta má rekja til starfsmanns innan Stekkjaráss sem er í námi til M.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum. Virkni á lóðinni hefur borið á góma í endurmati leikskólans, nánast árlega á undaförnum árum, þar sem starfsmenn eru gjarnir á að benda á að „hinir“ séu ekki nógu virkir og koma ekki með námstilboð til barnanna. Fyrrgreindur nemi kom með þá hugmynd til starfsfólks að boðið yrði upp á svo kallaðar útistöðvar tvisvar í mánuði. Starfsmönnum leist vel á og voru tilbúnir til þátttöku og í framhaldi af því var því komið á, á vorönn 2017, að hver aldursblönduð deild býður uppá og ber ábyrgð á verkefni á útisvæði sem er í boði fyrir alla Stekkjarásmeðlimi til að taka þátt í. Þátttaka og jákvætt viðhorf starfsfólksins alls hefur sýnt sig með fádæma góðum undirtektum og virkni á útistöðvadögum sem hafa einnig yfirfærst í einhverjum tilfellum á virkni og námsframboð í útiveru í garði alla daga. Nú í maí fékk starfsfólk Stekkjaráss viðurkenningu fræðsluráðs fyrir útistöðvarnar.

Þátttaka okkar í viðburðum var með hefðbundnu sniði á sl. skólaári og var skóladagatalinu fylgt. Skóladagatal vegna skólaársins 2017-2018 kemur inn á heimasíðu leikskólans í ágúst 2018.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Á skipulagsdegi 28. maí voru endurmatsumræður um þátttöku starfsmanna í verkefninu bætt menntun í Hafnarfirði, umgengni í garði og hvernig fólki tekst að vinna með börn með erfiða hegðun. Samstarf í leikskólanum var skoðað og reynt að greina samræmanlegar óskir starfsmanna um samstarf með viðhorfskönnun í maí 2018. Einnig var skoðað sérstaklega hvaða samstarf deildarstjórar vilja hafa sín á milli. Sérkennslustjórinn lagði mat á sitt starf, verkefnisstjórinn í skapandi starfi lagði einnig mat á sitt starf og leikskólastjóri fór yfir umbótaverkefnalistann sem settur var fram í starfsáætlun fyrir skólaárið 2017-2018 og endurmatáætlunina. Aðstoðarleikskólastjóri fór yfir símenntunaráætlunina. Viðhorfskönnun var gerð meðal elstu barnanna í maí og sá verkefnisstjórinn í skapandi starfi um að leggja hana fyrir börnin. Viðhorfskönnunin er að innihaldi eins og fyrri ár en framsetning spurninganna var endurbætt samkvæmt umbótaráætlun fyrir þetta skólaár. Ytra matið er einnig nýtt til innra mats sjá hér að neðan.

Ítarlega er gert grein fyrir öllu mati, bæði ytra og innra mati í sjálfsmatsskýrslu leikskólans. Þar er fjallað betur um hvern lið og gerð grein fyrir niðurstöðum matsins og umbótaáformum.

2.2 Húsnæði og lóð

Eftirlit með húsnæði og garði er í daglegu eftirliti starfsmanna leikskólans með ábyrgð leikskólastjóra. Starfsmenn deilda sjá um daglega skoðun garðsins og skiptast deildir á viku og viku. Allar athugasemdir eru skráðar í þar til gerðar bækur. Lögð er áhersla á að skráð sé í bækurnar allar athugasemdir sem þarfnast úrbóta og ef það er aðkallandi bæta úr er brugðist strax við og ef þarf þá er óskað eftir aðstoð frá þjónustumiðstöð til þess. Þriggja mánaða skoðanir frá þjónustumiðstöð bæjarins eru ekki framkvæmdar samkvæmt skipulagi sem var gert fyrir nokkrum árum. Aðalskoðun garðs fór fram á vorönn 2018. Neyðarljós eru skoðuð árlega af rafvirkjum og stendur til að sú skoðun fari fram nú í sumar líkt og hún var framkvæmd árið 2017. Brunakerfið og slökkvitæki eru skoðuð árlega en sú skoðun hefur ekki farið fram 2018 þegar þessi áætlun er gerð.

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár og starfsmannakönnun hitt árið. Skólapúlsinn hefur séð um þessar kannanir á síðustu árum. 1. mars 2018 sendi Skólapúlsinn út viðhorfskönnun til foreldra og höfðu foreldrar mánuð til að svara. Svarhlutfallið var 76,1%. Hafnarfjarðarbær gerði vinnustaðgreiningu haust 2017 hjá öllum stofnunum bæjarins. Svarhlutfall okkar í Stekkjarási var ekki nema 54 % og því ekki marktæk en við höfum reynt ítrekað að finna leiðir til að bæta þátttöku starfsmanna í viðhorfskönnunum en lítið virðist ganga. Varðandi vinnustaðgreininguna þá virðast starfsmenn bera fyrir sig rekjanleikann og ætlum við að reyna að hafa áhrif á að ekki sé spurt um aldur og kyn í næstu vinnustaðgreiningu.

Eins og fram kom í kaflanum um innra mat leikskólans þá er ýtarlega gert grein fyrir öllu mati, bæði ytra og innra mati í sjálfsmatsskýrslu leikskólans. Þar er fjallað betur um hvern lið og gerð grein fyrir niðurstöðum matsins og umbótaáformum.

2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Í þessari skýrslu er mat á starfi leikskólans á þessu skólaári tekið saman. Ytra matið fólst í viðhorfskönnun sem Skólapúlsinn gerði meðal foreldra og vinnustaðagreiningu á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Svarhlutfall í viðhorfskönnun Skólapúlsins meðal foreldra var 76,1% og því marktæk. Í vinnustaðagreiningunni var svarhlutfallið 54%. Innra matið var nokkuð fjölbreytt og matsáætlun leikskólans var fylgt í stórum dráttum. Það þurfti að færa tímasetningar á endurmatinu en það var framkvæmt.

Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2018-2019:

- ❖ Hvetja Hafnarfjarðarbæ sem gerir þessa tilteknu viðhorfskönnun að hætta að spyrja um kyn og aldur til að minnka möguleikann til að rekja svörin til ákveðinna persóna. Ábyrgð leikskólastjóri.
- ❖ Við næstu viðhorfskönnun verður tekin frá sérstök tölva á leikskólanum, sem staðsett er í rólegu rými innan leikskólans, til að svara könnuninni og deildarstjóri sér um að hver starfsmaður deildarinnar fái tækifæri til að fara í viðkomandi tölvu og svara könnuninni. Hvatning til þátttöku verði á höndum allra stjórnenda. Ábyrgð leikskólastjóri.
- ❖ Á starfsmannafundi í maí verði örnámskeið um hvatningu og hrós. Ábyrgð leikskólastjóri.
- ❖ Uppeldisfræðilegar skráningar verða gerðar að rauðum þræði í gegnum allt starf næsta skólaárs og tekið tillit til þess í starfsáætlun.
- ❖ Starfsfólk sérkennslu heldur deildarfundum einu sinni í mánuði á dagvinnutíma og setur fundagerðir á sameignardrifið.
- ❖ Leikskólastjóri fer í eitt fyrra kaffi og annað seinna kaffi, minnst einu sinni í viku.
- ❖ Skráningar í sal verði nýttar markvisst og með skipulögðum hætti til að gefa upplýsingar á milli deilda og alls starfsfólksins í húsinu.
- ❖ Unnið verði að góðu upplýsingaflæði og að gera samtalið að aðaltæki starfsmanna til að samstarf sé gott. Gert með því að taka þetta fyrir á starfsmannafundum einu sinni á hvorri önn.
- ❖ Skerpa þarf á verkefninu bætt menntun í Hafnarfirði með áherslu á læsi og koma með nýja innspýtingu í upphafi næsta skólaárs.
- ❖ Gera skráningu á vorönn sem fjallar á einhvern hátt um þætti tengda undirstöðu læsis.
- ❖ Stjórnendur í samráði við sérkennslustarfsmennina skoða aðferðir sem notaðar eru til hegðunarmótunar og athuga hvort áhugi sé fyrir því að Stekkjarás komi sér upp einhverri einni aðferð til að grípa til umfram aðra.
- ❖ Leita leiða til að auka samráð og samtal meðal starfsmanna í garðinum.
- ❖ Auka samstöðu starfsfólks við að koma í veg fyrir að börn fari niður brekkuna á Flóttasvæði á þríhjólum.
- ❖ Skerpa á reglum varðandi frágang leiktækja í garðinum, bæði fyrir hádegi og eins í lok dags.
- ❖ Allir stuðningsaðilar verði færir að nýta AEPS listann sem tæki til að setja sér markamið og leiðir ásamt því að nota listann sem matstæki á framfarir náms.
- ❖ Annan hvorn mánuð að minnsta kosti hittir sérkennslustjóri stuðningsaðila og deildarstjóra ef það á við og fer yfir stöðu náms stuðningsbarns.
- ❖ Skoða nýjar leiðir við stuðning barna og deilda þegar um hegðunarvanda barna er að ræða.
- ❖ Mikilvægt er að finna leiðir til að mæta erlendum og tvítyngdum börnum.
- ❖ Skilgreina vel þriðja flokkinn og hvernig þeim tímum er úthlutað.
- ❖ Ef deildarstjóri óskar eftir tíma fyrir einstakt barn eða börn skulu deildarstjórar sækja um það skriflega til samráðsteymis leikskólans.
- ❖ Útbúið verður eyðublað sem hægt er að sækja um í þriðja flokk.
- ❖ Gera nýtt skipulag um heimsóknir verkefnisstjórans á deildirnar í samvinnu við deildarstarfsfólkið.

- ❖ Koma að vinnu leikskólans til að auka gæði samverustunda.
- ❖ Að hvetja starfsfólk til að gera uppeldisskráningu til að bæta og þróa starf sitt.
- ❖ Verkefnisstjórinn kemur með skipulögðum hætti að stuðningi við starfsmenn t.d. í undirbúningstímum.
- ❖ Við skoðum hverju við þurfum að breyta varðandi myndbirtingar og aðra upplýsingagjörf úr leikskóastarfinu til að við séum að uppfylla ákvæði nýrrar persónuverndarlöggjafar.
- ❖ Endurskoða uppsetningu á „gaman saman“ og leita lausna hvernig hætt er að bæta eða breyta stundinni.
- ❖ Skoða og ígrunda þarf skipulag og markmið með samverustundum til þess að gera þær skemmtilegri fyrir börnin.
- ❖ Ígrunda þarf hvort unnið er eftir starfsaðferðum leikskólans og einkunnarorða hans „Hugmynd barnsins, verkefni dagsins“. Í ljós að 49% elstu barna segjast að þau ráða ekki.

Umbótarverkefni deilda:

Fífa:

- ❖ Hafa verkefni fyrir börnin á afmörkuðum svæðum.
- ❖ Bæta frágang í fataklefa.
- ❖ Starfsfólk passi upp á kaffitímana sína.

Glaðheimar:

- ❖ Bæta frágang, bæði að virkja börnin til frágangs og starfsfólk vinni markvissari í frágangi.

Álfheimar:

- ❖ Nýta betur rými, aðstöðu og starfsfólk deildarinnar. Skipta börnunum oftast upp í litla hópa yfir daginn. Hver hópur fær ákveðið svæði svo allt rýmið á deildinni sé í notkun. Starfsfólk leggi sig fram að skapa nánd, öryggi og að kynnast hverju barni.

Blásteinn:

- ❖ Koma samverustundum í fastara skipulag.
- ❖ Endurskipulegga stöðvavinnuna með það í huga að bjóða upp á stærri verkefni sem taka yfir lengri tíma.

Stekkur:

- ❖ Vera með börnin í tvískiptri samverustund að minnsta kosti einu sinni á dag.
- ❖ Lesa fyrir börnin annaðhvort rúmlega kl. 8 eða í kringum kl. 16:00 að minnsta kosti 3x í viku.
- ❖ Halda baðherbergi deildarinnar snyrtilegu og hreinu.

Sólgarður:

- ❖ Bæta umgengni í fataherbergi og þurrkulefa.

Krummakot:

- ❖ Hafa hópastarfið öflugra og markvissara.
- ❖ Huga betur að bókalestri fyrir börnin.

Þúfa:

- ❖ Skipuleggja starf deildarinnar þannig að það sé alltaf samvera á morgnana kl. 9:30 sem verður með áherslu á söng.

2.5 Matsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019

- ❖ Á haustönn fer fram vinnustaðgreinin Hafnarfjarðar og eru allir starfsmenn Hafnarfjarðar beðnir um að taka þátt.
- ❖ Á starfsmannafundi í nóvember og aftur í maí fer fram endurmat á umbótarverkefnum sem deildarnar settu sér fyrir skólaárið 2018 - 2019.
- ❖ Í desember verður endurmatsfundur með starfsfólki Fífu og Þúfu til að skoða hvernig „Vináttuverkefnið“ hefur gengið á haustönninni. Hugsað til að skoða framhaldið bæði fyrir þessar tvær deildir og allan skólann.
- ❖ Viðhorfskönnun meðal starfsmanna verður á vorönn. Skólapúlsinn framkvæmir könnunina

en skólaskrifstofa Hafnarfjarðar stendur fyrir henni.

- ❖ Starfsmannasamtöl á vorönn.
- ❖ Á skipulagsdegi í maí verður gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna þar sem eftirtalir þættir verða kannaðir:
- ❖ Hvernig hefur gengið að vinna með börn með erfiða hegðun í vetur? Hafa nýjar áherslur/ráð hjálpað?
- ❖ Hvernig hefur starfsmönnum gengið að vinna uppeldisfræðilegar skráningar?
- ❖ Hvernig hafa samverstundir og hvíld gengið á skólaárinu? Erum við að lesa á hverjum degi fyrir börn? Fara öll börnin í hvíldarstund? Eru þessar stundir ánægjulegar?
- ❖ Viðhorfskönnun meðal barna í apríl/maí þar sem kannað er viðhorf þeirra til ýmissa þátta í starfinu.
- ❖ Foreldraviðtöl á vorönn (einnig á haustönn fyri þá sem vilja).
- ❖ Viðburðir og daglegar upptökur metið á starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum og hjá samráðsteymi leikskólans.
- ❖ Sérkennslustarfsfólk endurmetur með sérkennslustjóra gang sérkennslunnar og samstarfið í apríl/maí.
- ❖ Sérkennslustjóri endurmetur starfið sitt í maí lok, byrjun júní.
- ❖ Verkefnisstjóri í skapandi starfi endurmetur starf sitt í lok maí byrjun júní.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans á næsta skólaári munu snúast um uppeldisfræðilegar skráningar. Við höfum haft áhyggjur af því hversu erfiðlega okkur hefur gengið að viðhalda góðum skráningum, þróað okkur í þeim og miðlað kunnáttunni til nýliða. Við höfum því ákveðið að efla getu okkur og eyrnamerkja meiri tíma í að sinna skráningum og setja inn handleiðslu og fræðslu. Við viljum einnig leggja áherslu á að önnur verkefni sem við vinnum að svo sem „Bætt menntun í Hafnarfirði með áherslu á læsi“ sé unnið í gengum skráningar að hluta. Við ætlum einnig að leggja áherslu á að finna ráð til að takast á við erfiðri hegðun barna en það hefur komið í ljós að hún er það sem veldur okkur hvað mesta ráðaleysinu í leikskólastarfinu.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennari	14	90 - 100%	Leikskólakennaramenntun
Proskapjálfi	3	100%	Proskapjálfamenntun
Leikskólaleiðbeinandi A	2	100%	Önnur uppeldismenntun
Leikskólaleiðbeinandi B	3	80 – 100%	Háskólamenntun önnur en uppeldismen.
Leiðbeinandi Hlíf	23	80-100%	Grunnskóla, menntaskóla eða iðnmennt
Leiðbeinandi Hlíf	3	40-60%	Grunnskóla, menntaskóla eða iðnmennt

4.2 Starfspróunarsamtöl

Allir starfsmenn eru teknir í starfsmannasamtöl á vorönn ár hvert. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa skipt með sér samtölunum. Leikskólastjóri tekur samtöl við deildastjóra og aðra millistjórnendur auk nokkurra annarra starfsmanna og aðstoðarleikskólastjóri tekur svipaðan fjölda. Niðurstöður úr starfsmannasamtölunum eru nýttar í endurmat þegar það á við.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Á skipulagsdegi 27. september 2017 var eldvarnarnámskeið. Námskeiðið var liður í forvarnarstarfi og þjálfun starfsfólks í eldvörnum og flóttaleiðum. Einnig var námskeið á vegum Vinnuverndar. Á námskeiðinu var t.d. farið inn á hvernig og hvar við eigum samskipti, möguleika og hindranir í samskiptum, formleg og óformleg samskipti, tón og orðanotkun, endurgjöf og virka hlustun ofl. Umræða um útsvæðið var færð fram á skólaárið og rædd í febrúar á skipulagsdegi.

Nýliðanámskeið voru haldin í október með hefðbundnu skipulagi. Stjórnunarteymið sá um þau:
Skapandi starf í Stekkjarási – Verkefnisstjóri í skapandi starfi.
Stuðningskennsla – Sérkennslustjóri.
Starfsmannahandbókin/ starfsaðferðir Reggio Emilia –Aðstoðarleikskólastjóri.
Viðverustefnan, vinnustund og ýmislegt hagnýtt – Leikskólastjóri.
Skólanámskráin –Leikskólastjóri.

Á starfsmannafundi 3. október 2017 var kynning hjá tveimur deildarstjórum á Vináttu verkefni Blæ, sem er forvarnaverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og var prufukeyrt á tveimur deildum síðastliðið skólaár.

Námskeiðið í viðbrögðum við erfiðri hegðun féll niður.

Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri fundu sér ekki námskeið sem fjallaði um að taka atvinnuviðtöl eins og fyrirhugað var í október.

Á skipulagsdegi 20. nóvember 2017 fór starfsmannahópurinn í heimsóknir í fjóra leikskóla sem starfa eftir starfsaðferðum Reggio Emilia og kynnti sér hvernig starfið er útfært og hvaða áherslur eru lagðar í starfið á hverjum stað. Ekki gafst tími til að fá aðkeypta fræðslu um starfsaðferðir Reggio Emilia heldur fór tíminn e.h. í að endurskoða skólanámskránnu því það var verkefni sem átti að klárast fyrir áramót.

3. janúar var fyrirhugað fjögurra tíma slysa- og skyndihjálparnámskeið en það frestaðist til 23. febrúar vegna veikinda námskeiðshaldarans. Í stað þess voru teknar faglegar umræður í þrískiptum hópum. Umræðurnar snérust um samverustundir, samskipti út frá víðu sjónarhorni og vinnu okkar með börn með erfiða hegðun.

23. febrúar 2018 var fyrirhugað að hafa námskeið um hvernig hægt er að styðja við tvítýngda nemendur en þar sem við þurftum að færa slysa- og skyndihjálparnámskeiðið til þessa dags varð ekkert úr þessu námskeiði. Umræða var einnig þennan dag um útisvæðið og tækifærin í garðinum.

Á skipulagsdegi 28. maí 2018 var ætlunin að hafa hópeflisnámskeið sem breyttist úr námskeiði í einn stuttan hópeflisleik. Í staðinn var tíminn nýttur að stórum hluta í endurmatsverkefni en tveir tímar fóru í kynningu á skráningum í anda starfsaðferða Reggio Emilia. Verkefnisstjóri í skapandi starfi sá um kynninguna.

Önnur símenntun:

- Starfsmenn voru eins og venja er, hvattir og veitt svigrúm eins og hægt var til að sækja námskeið á vegum skólaskrifstofu og á önnur námskeið sem þeim bauðst eða vildu fjármagna með styrkjum sinnum stéttarfélagi. Staðreyndin var þó sú þetta árið að starfsfólk Stekkjarás nýttu sér afar lítið þau námskeið sem buðust á vegum skólaskrifstofu. Einn kennari fór á námskeið á vegum Fræðslu- og frístundabjónustu um kennslu yngstu barna.
- Trúnaðarmaður starfsmanna Hlífar fór á trúnaðarmannanámskeið á vegum ASÍ
- Einn starfsmaður fór á íslenskunámskeið sem boðið var upp á, á vegum Hafnarfjarðarbæjar, fyrir erlent starfsfólk leikskóla og var það einu sinni í viku alla vorönnina.
- Aðstoðarleikskólastjóri er jafnréttisfulltrúi leikskólans og sem slíkur sótti hann nokkra fundi og fékk fræðslu um jafnréttisáætlun Hafnarfjarðar, Barnasáttmálann, starfsemi Jafnréttisstofu og innleiðingu jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar.
- Kannaður var áhugi starfsmanna á að hafa jóganámskeið fyrir starfsmenn á kvöldin en leikskólinn myndi borga. Ekki reyndist áhuginn vera það mikill að hægt væri að bjóða upp á það í þetta að sinni.
- Fyrirhugað var að endurvekja fræðandi föstudaga í einhverri mynd. Framkvæmd og skipulag var þó rætt og haldið verður áfram að vinna að þessu næsta skólaár.
- Í nóvember fór einn kennari á réttindanámskeið í TRAS. Skráningarlista til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.
- Faghópurinn kynnti sér stærðfræði skimunarefnið MIO á starfsmannafundi. Námskeiðsefnið keypt á netinu.

- Upplýsinga- og tæknifulltrúi leikskólans fór á forritunarnámskeið í mars.
- Í apríl fóru sérkennslustjóri ástamt einum sérkennara á vörnámskeið Greiningarstöðvarinnar.
- Í maí fóru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri á námskeið um hvernig taka skal á eineltismálum innan stofnanna og vinnustaða bæjarins.
- Tveir kennarar eru í framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum.
- Einn starfsmaður er í grunnnámi í leikskólakennarafræðum.
- Einn starfsmaður er á lokaári í þroskaþjálfaranum.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

27. og 28. september 2018 eru tveir skipulagsdagar saman og farið verður í náms- og kynnisferð til Edinborgar. Dagskrá ferðar:

27. september

Kl. 06:50 Brottför för frá Keflavík.

Kl. 10:20 Koma til Edinborgar og við förum með rútu á hótelið.

Kl. 13 -15 Leikskólaheimsóknir. Hópnum skipt í fernt og hver hópur heimsækir sinn hvorn leikskólann.

Kl. 16-17 Starfsmannafundur á hótelinu.

Frá kl. 17 Frjálst.

28. september

Kl. 9:30 – 15 Námskeið: Every child a mover: creating a movement rich culture and environment, (þýðing... Hreyfing barna: að skapa umhverfi sem hvetur til hreyfinga (lausleg þýðing).

Umsjónarmenn námskeiðs: Jan White & Menna Godfrey.

Kl. 18:30 Sameiginlegur kvöldverður – Stekkjarás greiðir.

- Í október verða nýliðanámskeið með eftirfarandi skipulagi (Umsjón heimamenn, ábyrgð leikskólastjóri):
 - Skapandi starf í Stekkjarási – Verkefnisstjóri í skapandi starfi.
 - Stuðningskennsla – Sérkennslustjóri.
 - Starfsmannahandbókin – Aðstoðarleikskólastjóri.
 - Viðverustefnan, vinnustund og ýmislegt hagnýtt – Leikskólastjóri.
 - Skólanámskráin – Aðstoðarleikskólastjóri.
- Á starfsmannafundi í október verða kynntar aðferðir til að fást við börn með erfiða hegðun. Umsjón: Leikskólastjóri og sérkennslustjóri.
- Á haustönn fara tveir til þrjú starfsmenn á námskeið í tengslum við málörvun tvítyngdra barna.
- Á skipulagsdegi 9. nóvember verður námskeið um uppeldisfræðilega skráningar. Umsjón: Verkefnisstjórinn í skapandi starfi. Hugmynd er allar deildir útbúa sér skráningu sem þeir geta svo keyrt á „fræðandi föstudögum“ þegar þeir hafa umsjón.
- Á starfsmannafundi 8. janúar verður námskeið í forritun með leikskóalbörnum. Umsjón: UT verkefnisstjórinn.
- 22. febrúar. Verkefni eða námskeið tengt heilsuefningu starfsmanna.
- Á skipulagsdegi 31 maí. Hópeflisnámskeið/hópeflis verkefni. Umsjón: Utanaðkomandi aðili.
- Auk þessa verða starfsmenn hvattir til og þeim veitt svigrúm eins og hægt er, að sækja námskeið á vegum skólaskrifstofu og á önnur námskeið sem þeim býðst eða vilja fjármagna með styrkjum sinna stéttarféлага.
- Fyrirhugað er að reyna til þrautar að endurvekja fræðandi föstudaga í einhverri mynd en þar gefst starfsmönnum tækifæri til að vera með örfræðslu, miðla og læra.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna: 176.
- Kynjahlutfall: Drengir: 110 stúlkur: 66
- Dvalarstundir. 1480
- Deildargildi. 10,03
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki.: 7
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað).: 13
- Fjöldi barna með ofnæmi: 4
- Fjöldi barna með fæðuþol: 8
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku: 20
- Fjöldi tungumála: 8 - Spænska, þýska, pólska, litháíska, albanska, slóvakíska, víetnamska, og pashtu.
- Þjóðerni forsjáraðila: 15 Pólland, 2 Litháen, 1 Þýskaland, 1 Albanía, 2 Spánn, 1 Slóvakíu, 1 Lettland, 1 Afganistan og 1 Mexíkó.

5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Þrír til fjórir fulltrúar foreldra skipa foreldraráð leikskólans Stekkjaráss og fleiri allt að sjö ef foreldrar gefa kost á sér. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september ár hvert. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk foreldraráðs er:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrar barna á Stekkjarási geta leitað beint til foreldraráðsins ef málefni eru þess eðlis að foreldrar vilja ekki leita til leikskólans beint. Foreldraráðið metur hvert tilfelli fyrir sig og ákveður, á fundi, framhald málsins, hvort það sé tilkynnt leikskólastjóra Stekkjaráss eða hvort nauðsyn þykir að hafa samband við skólayfirvöld í Hafnarfirði. Foreldraráð starfar sjálfstætt og heldur fundi eins og fulltúar ráðsins telja þörfina vera en vinna samt sem áður í góðri samvinnu við leikskólastjóra

Foreldrafundir: Haldnir eru foreldrafundir fyrir alla nýja foreldra rétt fyrir miðjan ágúst ár hvert. Þar fá nýir foreldrar tækifæri á að kynnst leikskólanum og áherslum hans. Í október eru foreldrafundir þar sem starfið er kynnt og farið er yfir hagnýt atriði. Fundirnir fara fram milli kl. 15 og 16.

Foreldraviðtöl: Foreldrum standa til boða tvö viðtöl á ári. Eitt á hasutönn og annað á vorönn. Reynt er að fá alla foreldra í viðtal á vorönn þ.e. gengið er á eftir þeim að koma í viðtal en haustviðtölin eru í boði fyrir þá sem skrá sig og mæta án hvatningar. Í viðtölum á haustönn er rætt um væntingar foreldra, hugsanlegar vangaveltur um stöðu barnsins og starf komnandi starfsárs en á vorönn er farið ýtarlega yfir stöðu hvers barns. Auk þessa geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali þess á milli.

Foreldrafélag: Foreldrafélag er við leikskólann. Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi foreldrafélags leikskólans í september ár hver. Í stjórn sitja að meðaltali einn fulltrúi frá hverri deild og fleiri frá deildum ef fólk gefur kost á sér. Foreldrafélagið bætir við starf leikskólans með margvíslegum stuðningi m.a. heldur jólaball, býður í sveitaferð, heldur sumarhátíð auk þess sem það styrkir útskrifarferð elstu barnanna, kaupir inn tónleika á öskudaginn og jólaleikrit í desember svo eitthvað sé nefnt.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Skólaskrifstofan leggur áherslu á að Stekkjarás sé fyrst og fremst í samstarfi við Áslandsskóla sem grunnskóla hverfisins. Saman myndar Stekkjarás, Áslandsskóli og leikskólinn Tjarnarás lærdómssamfélag Áslandshverfis ásamt foreldrum og öðrum áhrifavöldum. Þessir þrjú skólar hafa myndað samstarf á undanförunum árum með sameiginlegum fundum og var einn slíkur haldinn nú í maí. Þar var rætt um stöðu nemenda almennt þegar þeir kæmu í grunnskólann og hvað mætti huga að. Í haust ætla kennarar 1. bekkjar að hitta fulltrúa leikskólanna í sitthvoru lagi þar sem miðlað verður árangurríkum leiðum sem nýttust nemendum vel þegar þeir voru í leikskólanum. Í nóvember hittast svo fulltrúar skólanna þriggja og fara fara yfir lesskimunarprófið sem 2012 nemendurnir fara í gegnum í september, en í nóvember ættu að liggja fyrir niðurstöður. Skekkjan í því að vera eingöngu í samstarfi við hverfis grunnskólann er að helmingur nemenda er búsettur í öðrum hverfum og tilheyr því engu lærdómssamfélagi.

Leikskólinn Stekkjarás er því líka í miklu samstarfi við Hraunvallaskóla þar sem frá því að leikskólinn opnaði hefur svipaður fjöldi nemenda verið að fara í Hraunvallaskóla og Áslandsskóla á hverju ári. Um er að ræða 15 til 20 nemendur sem fara í hvorn skóla.

Dagskráin sem er í gangi þegar nemendurnir koma í heimsókn í grunnskólana er mjög svipuð í báðum skólum og einnig svipuð frá ári til árs. Í október fara nemendur í heimsókn í grunnskólana þar sem starfsmaður tekur á móti börnunum og sýnir þeim vistaverur skólans t.d. skólastofur, bókasafn og matsal. Í apríl fara börnin í lengri heimsóknir. Dvelja í tvo til þrjú klukkutíma og taka þátt í skólastund, frímínútum og borða nesti.

Við leitum einnig eftir samvinnu við þá grunnskóla sem taka við einum og einum nemenda frá okkur og undantekninga laust er það auðsótt. Í þeim tilfellum fá viðkomandi nemendur að koma í stutta heimsókn með félögum sínum til að skoða lóðina umhverfis grunnskólann og stundum húsakynni.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar næsta skólaárs eru fimm og koma þeir fram á skóladagatali leikskólans. 9. nóvember 2018, 22. febrúar 2019 og 31. maí 2019 eru sameiginlegir öðrum leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Yfirvöld hjá bænum ákváðu að á skólaárinu 2018-2019 fengju leikskólar sjálfir að ráða hvenær tveir af þessum fimm dögum yrðu og við settum þá 27. og 28. september 2018 í tengslum við náms- og kynnisferð leikskólans sem farin verður í haust.

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir og fleir eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans <http://stekkjaras.leikskolinn.is>

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við.
 - slysum
 - áföllum
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun

Fylgirit

- **Matsgögn** – Sjálfsmatsskýrsla, skólaárið 2017-2018 endurmetið.
- **Leikskóladagatal** – Leikskóladagatal fyrir skólaárið 2018 - 2019
- **Umsögn foreldraráðs** – Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun skólaársins 2018 – 2019

Hafnarfirði, 28. júní 2018


Leikskólastjóri